

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 18. desember 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-68/2008:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 8. október sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á bifreiðinni A af fyrirtækinu Y. Álitsbeiðanda segir bifreiðina vera gallaða og krefst þess að Y bæti úr göllumum eða a.m.k. að verulegu leyti.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 9. október sl., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum sem bárust 20. s.m. Með bréfi, dags. 20. október, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og festur til þess til 27. október sl. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 29. október sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu. Með bréfi, dags. 17. nóvember sl., ritaði kæruneftndin Y bréf og óskaði eftir því að hún léti henni í té ljósrit af afsali og kaupsamningi fyrir bifreiðinni og ferilskrá hennar. Frestur til þess var gefinn til 24. nóvember. Y óskaði eftir því að fresturinn yrði framlengdur um viku og var orðið við því. Hinn 8. desember sl. barst kæruneftndinni þjónustusaga bifreiðarinnar A frá Y. Með bréfi, dags. 10. desember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir vegna ferilskrárinnar og frestur til þess til 17. desember. Engar athugasemdir bárust.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segist hafa keypt bifreiðina, sem sé lyftubíll, fyrir rúmu einu og hálfu ári af Y og hafi fyrirtækið þjónustað hana síðan. Bifreiðin hafi verið notuð og kostað kr. 2.750.000. Bifreiðina hafi hann notað við verktöku. Bakkmyndavél bifreiðarinnar hafi ekki verið í lagi og hafi Y ekki staðið við loforð um að laga hana. Þegar hann hafi verið búinn að nota bifreiðina í 18 mánuði og aka henni um 30.000 km, og á þeim tíma farið með hana í þjónustu til Y nokkrum sinnum, hafi vélin skyndilega orðið kraftlausari en venjulega og hafi hann óskað eftir því við fyrirtækið að það skoðaði hvað kynni að valda því. Þegar hann hafi sótt bifreiðina hafi vélin virst jafn kraftlaus og áður og hafi hann óskað skýringa á því. Sér hafi verið sagt að ekkert væri að vélinni og að óhætt væri að nota bifreiðina. Um mánuði seinna hafi hann farið upp á Akranes til að vinna verk þar og hafi hann ekki komist til baka og þurft að láta draga bifreiðina á verkstæði Y þar sem hún standi enn. Á verkstæðinu hafi sér verið sagt að ventill hafi brotnað og vélin væri ónýtt. Y hafi boðið sér annað hvort að gera við vélinu fyrir kr. 1.400.000 eða taka bifreiðina upp í nýja bifreið fyrir kr. 1.000.000. Þetta kveðst álitsbeiðandi sér finnast dónaskapur en hann hafi átt mikil viðskipti við Y, sérstaklega þar sem þeir hafi ekki virst geta fundið það sem að henni hafi verið. Álitsbeiðandi kveðst

sjálfur hafa getað bent á að bifreiðin væri ekki í lagi og það hafi verið hægt að gera með prufuakstri. Álitsbeiðandi segir að bilunin í bifreiðinni stafi af viðgerð sem framkvæmd hafi verið á henni áður en hann keypti hana og/eða þegar hún var til viðgerðar 4. júlí sl. Álitsbeiðandi leitaði sjálfur til sérfróðs aðila og er að því er varðar viðgerð á bifreiðinni áður en hann festi kaup á henni væntanlega að vísa til þess sem í tölvupósti þess aðila segir að Y hafi örugglega verið nýbúin að skipta um tímareim áður en bifreiðin var seld. Lýsing á afleysi vélarinnar og afleiðingar þess séu dæmigerðar fyrir rangt strekktá tímareim sem hoppi yfir eina tönn fyrst og svo tvær eða fleiri og þá komi „smellurinn.“

IV

Í skjali Y, sem nefnt er „Þjónustusaga bifreiðarinnar A hjá Þjónustuverkstæði Y“, er skráð 27. febrúar 2007 „söluskoðun og skil úr leigu“. Þá hafði bifreiðinni verið ekið 77.985 km. Hinn 9. mars er skráð „vörulyfta“, en þá hafði bifreiðinni verið ekið 77.986 km. Hinn 22. mars er skráð „75.000 km skoðun/ljós/aukamiðstöð/legur“, en þá hafði bifreiðinni verið ekið 77.994 km. Hinn 8. maí er skráð „breyta rofum f. lyftu/myndavél virkar ekki“ og hafði bifreiðinni þá verið ekið 77.995 km. Sama dag er skráð „bremsuklossar“ en þá er reyndar skráð að bifreiðinni hafi verið ekið 81.165 km þannig að líklegt er að önnur hvor dagsetningin sé ekki rétt. Hinn 23. janúar er skráð „þurrkur og rúðusprauta“ en þá hafði bifreiðinni verið ekið 100.676 km. Hinn 1. júlí er skráð „sk. um rúðusprauturofa“ en þá hafði bifreiðinni verið ekið 104.521 km. Hinn 1. ágúst er skráð „söluskoðun“ og þá hafði bifreiðinni verið ekið 104.525 km.

V

Andsvör gagnaðila

Meðal gagna málsins er bréf Y til álitsbeiðanda, dags. 3. september 2008. Þar kemur fram að álitsbeiðanda hafi keypt bifreiðina 23. mars 2007 og þá hafi akstur hennar verið 78.000 km. Fyrir afhendingu hafi bifreiðin verið yfirfarin og 75.000 km skoðun framkvæmd. Misbrestur hafi orðið á því að laga bakkmyndavél en það verði gert þegar bifreiðin verði gangfær. Bifreiðin hafi komið á verkstæði Y 4. júlí 2008 og hafi þá verið búið að aka henni 104.521 km. Samkvæmt skráningu verkstæðisins hafi verið kvartað yfir því að vélin missti afl, sé eins og í svelt. Skipt hafi verið um rúðusprauturofa. Bifreiðin hafi verið prófuð og vart hafi orðið að hún hikstaði í akstri. Við kódalestur hafi engin bilun komið fram. Farið hafi verið í prufuakstur með tæknistjóra og bifreiðin skoðuð í tölvulesara. Ekkert óeðlilegt hafi komið fram við þessa skoðun. Í framhaldi af henni hafi bifreiðin verið sett á lyftu og svinghjólsskynjari skoðaður og hafi verið mikið málmsvarf á honum sem eigi sennilega upptök sín í svinghjóli eða kúplingssetti. Í samráði við eiganda hafi verið beðið með frekari viðgerðir. Hinn 31. júlí sl. hafi bifreiðin komið aftur á verkstæði og hafi henni þá verið ekið 109.447 km. Bifreiðin hafi verið dregin á verkstæðið, hún hafi startað en ekki farið í gang. Niðurstaða skoðunar hafi verið sú að ventill væri brotinn, stimpill skemmdur og skemmdir í vélarblokk. Vegna þessara miklu skemmda hafi bifreiðin ekki verið metin hæf til viðgerðar. Að beiðni eiganda hafi starfsmaður fyrirtækisins B skoðað vélinu og hafi hann ekki talið borga sig að gera við hana. Við skoðunina 4. júlí sl. hafi ekkert bent til þess að eitthvað væri að vélinni. Bifreiðinni hafi verið ekið rúmlega 5.000 km frá fyrri skoðun og vegna þess sjái Y ekki fært að bæta álitsbeiðanda tjónið. Þá segir orðrétt í bréfinu:

„Varðandi uppítökuverð þá teljum við það sanngjarnt. Kaupverð bifreiðar þann 23. mars 2007 var 2.450.000 kr. ásett verð var 2.710.000 kr. Uppítökuverðið sem eiganda var boðið núna var 2.400.000 kr. Eða aðeins 50.000 kr. lægra en hann keypti bílinn á 1. mars 2007. Síðan er dreginn frá viðgerðarkostnaður og þá stendur eftir 1.000.000 fyrir bílinn.“

Í andsvörum Y sem kæruneftndinni bárust 20. október sl. er andmælt skoðunum tæknimanns sem álitsbeiðandi leitaði til en hann taldi að tímareim væri annað hvort of gömul eða ekki rétt strekkt og hafi hoppað um tönn þegar álitsbeiðandi var með bifreiðina á Akranesi og vélín því eyðilagst. Í tölvupósti tæknimannsins til álitsbeiðanda segir m.a.: „Lýsingin á afleysinu og afleiðingar þess eru dæmigerðar fyrir rangt strekktá tímareim sem nær að hoppa yfir eina tönn fyrst svo tvær eða fleiri og þá skeður smellurinn.“ Á það er bent í andsvörunum að tæknimaðurinn hafi ekki skoðað bifreiðina og verði að hafna mati hans. Bifreiðin sé með tímakeðju og olústrekkjara sem stjórnað sé af smurólíu vélarinnar. Við skoðun á vélinni hafi tíminn á henni m.a. verið skoðaður, en eftirfarandi komi fram í vinnuskýrslu tæknimanns: „Vél sló á móti. Tekið framan af vél og ath. tími á vél. Var réttur á tíma. Vél snúið og kom þá fyrirstaða í hverjum hring.“

Þá kemur fram í andsvörunum að Y sjái sér ekki fært að bjóða álitsbeiðanda frekari úrlausn en gert hafi verið í bréfinu til hans frá 3. september sl.

VI

Niðurstaða kæruneftndar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli að hluta til undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Upplýst er að álitsbeiðandi notar eða notaði bifreiðina í atvinnustarfsemi og er skráður umráðamaður hennar X ehf. Af þeim ástæðum fellur ágreiningur aðila ekki undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup. Er þá vísað til 1. málsliðar 1. mgr. 1. gr. laganna þar sem segir að lögin nái til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni [þ.e. seljandi þjónustunnar veitir hana í atvinnuskyni] gegn endurgjaldi, en með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna. Hins vegar álitur kæruneftndin að ágreiningur aðila falli undir lög um lausafjárkaup nr. 50/2000 að svo miklu leyti sem hann varðar hugsanlega galla á bifreiðinni þegar kaupin áttu sér stað, en álitsbeiðandi heldur því m.a. fram að bilun sú sem nú er í bifreiðinni geti stafað af viðgerð sem fram hafi farið hjá Y áður en kaupin á henni fóru fram.

Við afgreiðslu málsins hefur kæruneftndin leitað álits sérfróðs aðila samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Kæruneftndin hefur ekki fengið í hendur afsal og kaupsamning fyrir bifreiðinni enda þótt hún hafi leitað eftir því hjá báðum aðilum. Hins vegar kemur fram í bréfi Y til álitsbeiðanda, dags. 3. september sl., að hann hafi keypti bifreiðina 23. mars 2007 og þá hafi verið búið að aka henni 78.000 km. Kemur það heim og saman við þjónustusöguna, en þar er sagt að 75.000 km skoðun hafi verið framkvæmd á bifreiðinni daginn áður og kílómetrastaðan þá sögð vera 77.994 km. Ekki kemur skýrt fram í hverju sú skoðun var fólgin að öðru leyti en því að skráð er um ljós, aukamiðstöð og legur. Í framangreindu bréfi Y frá 3. september sl. segir að við þá skoðun hafi verið lagfært það sem hafi verið í

ólagi. Í andsvörunum kemur fram að bifreið álitseiddanda sé útbúin tímakedju en ekki tímareim. Ekkert kemur fram í þjónustusögunni um að tímakedjan hafi sérstaklega verið athuguð við skoðunina 22. mars 2007 sem þó þarf ekki að þýða að það hafi ekki verið gert. Í andsvörum Y til kæruneindarinnar kemur hins vegar fram að tímakedja hafi verið athuguð og er sú lýsing rakin hér að framan. Ekki kemur þar fram hvenær þessi athugun var gerð en samkvæmt upplýsingum þjónustustjóra Y frá 17. desember sl. var það gert 31. júlí 2008. Þá hafi tímakedjan verið í lagi og tíminn réttur. Þá upplýsti þjónustustjórinn að ekki hafi verið talin ástæða til að skoða tímakedjuna 1. júlí 2008. Við skoðunina fyrir sölu bifreiðarinnar, þ.e. 75.000 km skoðun, hafi tímakedjan ekki verið sérstaklega skoðuð enda ekki þörf á því samkvæmt þjónustuferlum tegundarinnar.

Eins og fram kemur í álitseiddni segist álitseiddandi hafa verið búinn að eiga bifreiðina í 18 mánuði og aka henni um 30.000 km þegar hún hafi farið að missa kraft og bilað í framhaldi af því þegar hann var á leiðinni frá Akranesi til Reykjavíkur. Þannig hafði eitt og hálf ár liðið frá kaupinum og akstur bifreiðarinnar verið umtalsverður. Samkvæmt því og öðru sem að framan segir er það álit kæruneindarinnar að ósannað sé gegn andmælum seljanda að orsakir þeirrar bilunar sem bifreiðin er nú haldin verði raktar til þess að galli hafi verið á henni þegar kaupin fóru fram. Af þessum ástæðum álitur kæruneindin óhjákvæmilegt að hafna kröfum álitseiddanda.

Með þessari niðurstöðu kæruneindarinnar er ekki tekin afstaða til þess hvort einhver sú þjónusta sem Y veitti kæranda eftir að bifreiðin komst í hans eigu kann að hafa leitt til bilunar sem nú er á bifreiðinni en kröfur vegna þess yrði álitseiddandi að sækja á öðrum vettvangi.

VII Álitseidd

Kröfum álitseiddanda, Y, er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

